



Stjórnarfundur haldinn 22.jan. 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ nokkrar tilögur frá síðasa sambandsþingi. Vill stjórn UMFÍ vekja sérstaklega athygli á þeim þar sem þær varða mál okkar og störf.

Bréf frá ÍSÍ og UMFÍ v/varðar nýtt félagakerfi. Kerfið á að létta alla vinnu við félagatal og ýmsar upplýsingar sem varða íþróttafélög. Samþykkt að vera með í kerfinu.

3. Send bréf.

Svarbréf sent til sunddeildar Keflavíkur.

4. Aðalfundir deilda / félagsins.

Knattspyrnudeild óskaði eftir því að fá að halda sinn aðalfund í febrúar vegna móts sem þeir halda um mánaðarmótin. Samþykkt að aðalfundur knattspyrnudeildar verði miðvikudaginn 4. febrúar kl. 20:00 í félagsheimili Keflavíkur.

Badmintondeild óskaði eftir því að fá að færa sinn aðalfund vegna anna. Samþykkt að aðalfundur badmintondeildar verði fimmtudaginn 5. febrúar kl. 20:00 í félagsheimili Keflavíkur.

Ákveðið að halda aðalfund félagsins sunnudaginn 29. febrúar kl. 14:00 í félagsheimili félagsins við Hringbraut 108.

5. Formannafundur.

Ákveðið að halda formannafund 16. febrúar kl. 20:00 í félagsheimili félagsins.

6. Framtíðarnefnd félagsins.

Birgir fór yfir tillögur frá nefndinni þ.e. íþróttasvæðið við Sunnubraut. Gert er ráð fyrir að tillögurnar verði kynntar á aðalfundi félagsins í febrúar.

7. Önnur mál.

Umræður urðu um fjármál félagsins.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:30.